



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1264  
komudagur 9.3.2004

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
150 Reykjavík

Ísafirði, 5. mars 2004  
Tilvísun: 2004020163  
HH/ÞP

**Efni: Frumvarp til lögreglulaga, mál 26.**

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 1. mars s.l., var lagt fram bréf allsherjarnefndar Alþingis dagsett 25. febrúar s.l., þar sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar á frumvarpi lögreglulaga, 26. mál, löggæslukostnaður á skemmtunum.

Bæjarráð lagði til við bærstjórn að mælt verði með ofangreindu frumvarpi lögreglulaga. Tillaga bæjarráðs var síðan samþykkt á 156. fundi bærstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 4. mars s.l. og tilkynnist það yður hér með.

Virðingarfyllt

Halldór Halldórsson

- bærstjóri -

**Ellert B. Schram**

---

**From:** Ellert B. Schram  
**Sent:** 8. mars 2004 13:33  
**To:** 'nefndasvid@althingi.is'  
**Subject:** umsögn ÍSí

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands til umsagnar frumvarp lögreglulaga, 26. mál, löggæslukostnaður á skemmtunum.


Umsögn ÍSí er eftirfarandi:

Gera verður greinarmun á íþróttahátíðum og útihátíðum. Ef efnt er til íþróttakeppni í hefðbundnum skilningi, hvort heldur selt er inn eða ekki, á mótstað, úti eða inni, telur ÍSí að þörf á löggæslu sé í lágmarki og ekki komi til greina að mótshaldari greiði kostnað af þeirri gæslu.

Ef um útihátíð er að ræða, eins og þær þekkjast á Íslandi yfir sumarmánuðina, með samofinni dagskrá, skemmtiatriðum og dansleik o.s.frv., haldnar af íþróttasamtökum eða öðrum, hvort heldur íþróttir eru þar í bland eða ekki, og löggæsla er talin nauðsynleg, er eðlilegt að kostnaður vegna löggæslu, sé í samræmi við núgildandi lög og venjur, þar að lútandi.

Rvík 8. mars 2004

f.h. Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

  
Ellert B Schram, forseti ÍSí



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 130/295

komudagur 25.11.2003



Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

### Umsögn til allsherjarnefndar v/ 34. gr. laga nr. 90/1996

1. mgr. 34. gr. falli niður.

Flestir ef ekki allir landsmenn stunda skemmtanir af einu eða öðru tagi og fer mikill meirihluti þeirra fram undir almennri vernd lögreglu án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Undantekningum frá þessari meginreglu fer fækkandi og er nú svo komið að telja verður eðlilegt að jafna með öllu kostnað af skemmtanahaldi í landinu svo allir sitji við sama borð í þessu tilliti jafnt í þéttbýli sem dreifbýli en sem kunnugt er hefur þessi löggæslukostnaður helst lagst á skemmtanir í dreifbýli.

Öðru máli gegnir um 2. mgr. 34. gr. því þar er um að ræða viðbúnað sem vart verður skilgreindur sem almenn löggæsla heldur öryggisviðbrögð vegna framkvæmda sem lögreglan metur hættuleg miðað við aðstæður hverju sinni. Rétt þykir að mæla með því að gjaldtaka sé heimiluð áfram í tilvikum sem þessum og því verði 2. mgr. framvegis 34. gr. laganna að breyttum upphafsorðum.

Bertur Bergsson



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/431*  
*komudagur 3.12.2003*

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

THE NATIONAL COMMISSIONER OF  
THE ICELANDIC POLICE

Reykjavík 2. desember 2003


*Tilvísun: 2003110041*  
*091.1*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Ríkislögreglustjóra um 26. þingmál, frumvarp til laga um breytingu á lögregluglögum nr. 90/1996 – löggæslukostnaður á skemmtunum.**

Ríkislögreglustjóri tekur undir að skýra þurfi lög og reglur varðandi greiðslu löggæslukostnaðar á skemmtunum og vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi, en telur rétt að það verði gert með því að breyta núgildandi reglum í stað þess að fella heimild til greiðslu sérstaks löggæslukostnaðar brott eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.

**Alþingi**  
**Nefndasvið**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 REYKJAVÍK**

**Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90 frá 1996.**

**Þskj: 26 – 26. mál.**

Undirritaður hefur, f.h. Sýslumannafélags Íslands, mótttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis dags. 5. nóvember 2003 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90 frá 1996. Á fundi félagsins s.l. föstudag var erindið tekið fyrir og rætt. Samþykkt var að senda svohljóðandi:

**Umsögn:**


Sýslumannafélag Íslands leggst gegn því að fella út ákvæði 34. gr. lögreglulaga. Ákvæðið veitir lögreglustjóra heimild til að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að leyfishafi greiði kostnað af aukinni löggæslu sem lögreglustjóri telur nauðsynlega til að reglu verði haldið á skemmtuninni, auk þess sem í 2. mgr. greinarinnar er að finna heimild lögreglustjóra til að láta framkvæmdaaðila greiða löggæslukostnað af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum og hættulegum farmi.

Það er mat stjórnar félagsins að ekki sé unnt að fella ákvæðið úr lögum, nema lögregluembættum verði með öðrum hætti tryggð greiðsla þess löggæslukostnaðar sem af skemmtanahaldi hlýst. Einstaka skemmtanir eins og til dæmis útihátíðir útheimta oft fjölmennar lögreglu- og gæslusveitir til þess að tryggja að hátíðin fari vel fram og öryggi gesta sé eins og best verður á kosið. Þetta gæti orðið örðugt og afar kostnaðarsamt í afskekktum héruðum og bæjum þar sem fyrir er fámennt lögreglulið og ef til vill engin aðstaða á mótstað, hvorki fyrir lögreglu, heilsugæslu né annað það sem til þarf.

Það er auðvitað pólitísk ákvörðun þegar ákveða á hvort skemmtanahaldari eða ríkissjóður eigi að bera kostnað af þeirri löggæslu sem hlýst af einstökum skemmtunum, t.d. útihátíðum. Miklar umræður hafa orðið um þetta á undanförunum árum.

Það er þó umhugsunarefni, þegar um er að ræða stórar og umfangsmiklar skemmtanir sem útheimta gífurlegan viðbúnað á fjölmörgum sviðum ef skemmtanahaldari, sem alla jafnan innheimtir endurgjald fyrir aðgang, ætti kröfu um allan þann viðbúnað af hendi ríkissins án nokkurs endurgjalds. Þar ber að hafa í huga að aðsókn á flestar þessara útiskemmtana er oft mjög tilviljanakennd og mat á viðbúnaði mjög erfiður. Þá verður og að hafa í huga að í dag samþykkja lögreglustjórar notkun skemmtanahaldara á sérstökum gæsluliðum, oft björgunarsveitarfólki, til þess að draga úr löggæslukostnaði.

Reykjavík, 24. nóvember 2003  
Virðingarfyllst,

  
Ólafur Hauksson  
formaður



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1389

komudagur 17.3.2004

## Ungmennafélag Íslands

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík  
sími +354 568 2929 • fax +354 568 2935  
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Reykjavík, 15. mars 2004

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu lögreglulaga, 26. mál, löggæslukostnað á skemmtunum.**

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands vill undirritaður lýsa yfir stuðningi við frumvarp lögreglulaga, 26. mál, löggæslukostnað á skemmtunum.

Sumarið 2003 var Ungmennafélag Íslands krafði að greiða löggæslukostnað á Unglingalandsmóti sem haldið var á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Grundvallaðist sú ákvörðun lögreglustjóra á því að um skemmtun væri að ræða, skv. 34. gr. lögreglulaga. UMFÍ styður niðurfellingu 34. gr. lögreglulaga.

Ungmennafélag Íslands vill koma því á framfæri að Landsmót og Unglingalandsmót eru íþróttamót og eru þau vímuefnalaus með öllu, og þ.a.l. er löggæsla óþörf.

Virðingarfyllt

Sæmundur Runólfsson  
framkvæmdastjóri UMFÍ